

## Endurbætur á Þingvallavegi milli þjónustumiðstöðvar og syðri vegamóta við Vallarveg í Bláskógabyggð

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 3. nóvember 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar endurbætur á Þingvallavegi á milli þjónustumiðstöðvar á Þingvöllum og syðri vegamóta við Vallarveg, Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu, Skógræktarinnar, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurbætur milli þjónustumiðstöðvar Þingvalla og syðri vegamóta við Vallarveg í Bláskógabyggð, október 2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með bréfi dags. 24. nóvember 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvubréfi dags. 22. nóvember 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 1. desember 2017.
- Samgöngustofu með bréfi dags. 10. nóvember 2017.
- Skógræktinni með tölvubréfi dags. 21. nóvember 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. nóvember 2017.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti með tölvubréfi 16. febrúar 2018.

Ferðamálastofa og Þingvallanefnd báðust undan að veita umsögn.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 23. og 27. nóvember, 8. desember 2017 og 16. febrúar 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar séu endurbætur á Þingvallavegi (36-04) á um 9 km löngum vegkafla á milli þjónustumiðstöðvar Þingvalla og syðri vegamóta Þingvallavegar við Vallarveg (361). Framkvæmdaraðili hafi skoðað þrjá valkosti við endurbætur á veginum. A kost sem felist í breikkun vegar úr 6,5 í 8,0 m, B kost sem felist í breikkun vegar úr 6,5 í 9,0 m og að lokum kost sem felist í að byggja upp burðarþol vegarins miðað við núverandi breidd.

Fram kemur að framkvæmdaraðili leggi til að kostur A verði fyrir valinu. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar tekur því til kosts A og miðar öll umfjöllun um þann kost.



Fram kemur að fyrirhugað sé að fylgja núverandi veglínu og breikka veginn úr 6,5 m í 8,0 m ásamt því að hækka hann á köflum. Gert sé ráð fyrir að rask á hvern lengdarmetra vegar verði 3,5 m<sup>2</sup> og að samanlagt verði rask vegna endurbóta á vegi því á um 3-5 ha svæði.

Fram kemur að áætluð efnisþörf sé 27.000-36.000 m<sup>3</sup>. Fyrirhugað sé að taka efni úr námu í Svartagili sem er á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Verði þörf á öðrum námum komi námurnar Vallalækur og Hnjúksheiði á Lyngdalsheiði til greina sem einnig eru á aðalskipulagi.

Þá kemur fram að gerðar verði breytingar á útskotum. Í dag séu um 50 útskot á vegkaflanum sem mörg hver séu talin óörugg vegna staðsetningar eða óhentugrar stærðar. Útskot verði fjarlægð en í stað þeirra sé gert ráð bílastæðum á fjórum stöðum við veginn með samtals 50-60 bílastæðum. Gert sé ráð fyrir að rask vegna bílastæða verði allt að 3.800 m<sup>2</sup>.

Fram kemur að stefnt sé að því að breikka veginn öðru megin í stað þess að breikka hann til beggja handa og verði það gert á víxl með það að markmiði að hlífa þeim vegkanti sem hefur hærra verndargildi.

Fram kemur að áætlað sé að græða upp röskuð svæði og endurheimta staðargróður að framkvæmdum loknum. Aðferðin felist í því að gróðurþökur á áhrifasvæðinu verði teknar upp og lagðar upp á öxl vegarins eða komið fyrir á geymslusvæði. Þær verði svo lagðar á nýjan vegfláa eftir að vegurinn hafi verið breikkaður.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Vistgerðir

Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi fengið Náttúrufræðistofnun Íslands til að lýsa gróðurfari meðfram Þingvallavegi innan framkvæmdasvæðis á um 20-30 m belti beggja vegna vegar. Á athugunarsvæði einkennist gróðurfar af vel grónu hrauni sem vaxið sé 1-3 m háu birki ásamt gras- og blómlendi. Gert sé ráð fyrir að gróðri verði raskað á 3-5 ha svæði en hlutfall birkikjarrs á athugunarsvæðinu sé alls 48%. Í nágrenni við vegstæðið sé Hrafnagjá sem sé þekktur skráningarstaður eggvíblöðku sem sé friðuð tegund.

Líkleg áhrif framkvæmdanna verði rask á birkiskógi þeim megin sem breikkun vegarins eigi sér stað og tímabundin röskun á fuglalífi á meðan framkvæmdum stendur. Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdir ekki breyta einkennum gróðurfars eða vistgerða á Þingvöllum þá verði áhrifin ekki varanleg vegna endurheimt gróðurs á vegöxlum.

Skógræktin bendir á að samkvæmt skógræktarlögum má engum skógi eyða nema með samþykki Skógræktarinnar. Jafnframt verði sá sem heggur skóg eða kjarr að skuldbinda sig til að græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði eða semja um slíkar mótvægisáðgerðir. Ljóst sé að með breikkun vegarins verði skógareyðing á svæði sem samsvari a.m.k. breikkun vegarins og umfangi bílastæða við veginn.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að óskað verði eftir leyfi skógræktarstjóra fyrir því að raska kjarri umhverfis Þingvallaveg. Framkvæmdaraðili muni hafa samráð við skógarvörð á Suðurlandi og Þjóðgarðsvörð varðandi mótvægisáðgerðir vegna rasks á skógi af völdum framkvæmdanna.

### Jarðminjar

Fram kemur að vegurinn liggi um Þingvallahraun sem sé hluti af Eldborgarhrauni. Eldborgarhraun sé eldhraun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.



Að mati framkvæmdaraðila verði helstu áhrif framkvæmdar á jarðminjar rask á hrauni við veginn. Þar sem stefnt verði að því að breikka veginn öðru megin og breikka veginn á víxl verði mögulegt að vernda svæði við vegkanta á ákveðnum stöðum sem hafa verndar- og ásynðargildi. Gert sé ráð fyrir að rask á hrauni verði 3-5 ha.

Fram kemur að áhrif á jarðminjar séu metin neikvæð og óafturkræf þar sem rask verði á jarðminjum sem njóti sérstakrar verndar og rask verði innan þjóðgarðs. Þó séu áhrifin ekki talin breyta einkennum jarðminja í þjóðgarðinum.

### **Menningarminjar**

Fram kemur að fornleifafræðingur hafi verið fenginn til að skrá fornleifar við veginn allt að 15 m frá vegstæðinu hvoru megin. Við skráninguna hafi fundist fimm fornleifar, fjórar við Gjábakka og ein forn leið (25:1) talsvert norðar á svæðinu.

Við Gjábakka sé Konungsvegurinn (1:1) sem sé talin hafa talsvert minja- og varðveislugildi og sé talin í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Einnig sé rúst (2:5) við Gjábakka talin hafa talsvert minja- og varðveislugildi en hún sé í lítilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og ætti að vera auðvelt að hlífa henni við raski. Aðrar minjar séu taldar hafa lítið minja- og varðveislugildi en þær séu allar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá kunni að leynast fornleifar undir sverðinum í túni Gjábakka á þremur stöðum.

Talið sé að öllum minjum sem stafi mikil hætta af framkvæmdinni verði raskað lítillaga. Framkvæmdin sé talin hafa neikvæð áhrif á menningarminjar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands eru settar fram ábendingar um hvoru megin breikka eigi veginn til þess að draga úr raski á fornminjum. Breikka ætti veginn til vesturs þar sem forn leið (25:1), sem nefnist Hrauntúnsgrata, þveri veginn, til austurs á þeim kafla þar sem vegurinn liggur næst rúst 2:5 í landi Gjábakka og til vesturs þar sem vegurinn liggur næst Konungsvegnum (1:1).

Í umsögn stofnunarinnar kemur einnig fram að það þurfi að fá fornleifafræðing til að grafa skurði þvert á garða 2:4 og 2:7 þar sem þeim verði raskað. Þá bendir stofnunin á að hægt sé að fá fornleifafræðing til að taka könnunarskurði á þeim þremur stöðum þar sem fornleifar kunna að leynast undir sverði í landi Gjábakka. Auk þess bendir Minjastofnun á að varast beri að raska Hrauntúnsgrötu við gerð bílastæða.

Minjastofnun Íslands telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum að því gefnu að farið verði eftir ábendingum stofnunarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tillögum Minjastofnunar um breikkun vegarins verði fylgt. Ef upp komi tilvik þar sem ekki verði hægt að fara að tillögum Minjastofnunar muni framkvæmdaraðili leita samráðs við stofnunina um útfærslu. Þá muni framkvæmdaraðili gera þær rannsóknir sem Minjastofnun leggur til á hólum við Gjábakka. Komi í ljós að hólar við Gjábakka innihalda minjar verði haft samráð við Minjastofnun um áframhald eða breytta útfærslu framkvæmdar. Þá verði Hrauntúnsgrata merkt og þess gætt að hún raskist ekki vegna framkvæmda við bílastæði í nágrenni hennar.

### **Áhrif á vatnafar**

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé innan vatnasviðs Þingvallavatns sem sé verndað. Líklegt sé að áhrif á vatnafar verði óveruleg á rekstrartíma vegarins, m.a. vegna þess að umferðaröryggi muni aukast með framkvæmdunum og þar af leiðandi muni draga úr hættu á mengunaróhöppum.

Fram kemur að framkvæmdaraðili leggi til ákveðið verklag vegna framkvæmda innan vatnasviðs Þingvallavatns sem miði af því að lágmarka möguleika á mengunaróhöppum. Felist verklagið m.a. í að takmarka magn olíu á svæðinu og daglegu eftirliti með olíuleka frá tækjum.



Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er bent á að framkvæmdasvæðið sé á viðkvæmasta stað í miðju verndarsvæði Þingvallavatns. Embættið vísar til reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns en skv. 2. mgr. 6. gr. er „... óheimilt að geyma eiturfni og hættuleg efni, þ.m.t. olíur og bensín, innan verndarsvæðis Þingvallavatns ...“. Jafnframt bendir embættið á 21. gr. reglugerðarinnar þar sem fjallað er um neyslugeyma. Með hliðsjón af reglugerðinni telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að gera þurfi betur grein fyrir með hvaða hætti komið verði í veg fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á vatnafar og gildi boðaðra verklagsreglna fyrir framkvæmdaraðila og þá sem sjá um flutning og geymslu olíuefna. Að auki bendir embættið á *Aðgerðaráætlun fyrir verndun vatns* sem unnin er á grundvelli 20. gr. ofangreindrar reglugerðar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og að mögulegt verði að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi að framkvæmdum loknum. Að mati embættisins skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að unnið sé að áhættumati og viðbragðsáætlun vegna framkvæmdanna og taki viðbragðsáætlunin m.a. mið af *Aðgerðaráætlun fyrir verndun vatns*. Verklagsreglur og viðbragðsáætlun muni fylgja útboðsgögnum og muni gilda fyrir framkvæmdaraðila og þá verktaka sem að verkinu muni koma. Samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um útfærslu verklagsreglna.

### **Landslag og ásjúnd**

Fram kemur að landslag svæðisins einkennist af lyng- og mosagrónu hrauni og lágvöxnum birkikjarrskógi. Framkvæmdin sé líkleg til að tímabundin neikvæð áhrif á landslag vegna rasks á hrauni og gróðri. Með boðuðum mótvægisáðgerðum megi draga úr áhrifum framkvæmda á landslag og ásjúnd. Eftir því sem lengra líði frá framkvæmdum séu neikvæð áhrif líkleg til að dvína og líklegt sé að framkvæmdir muni falla inn í landslagið á svipaðan hátt og nú.

### **Áhrif á útivist og ferðaþjónustu**

Fram kemur að aðgengi umferðar um Þingvallaveg skerðist á meðan framkvæmdir standi yfir og því sé líklegt að áhrif á útivist og ferðaþjónustu verði tímabundið neikvæð. Talið sé að áhrif framkvæmdar á rekstartíma verði jákvæð vegna bættra og öruggari samgangna.

### **Áhrif á hljóðvist og loftgæði**

Fram kemur að aðsókn í þjóðgarðinn hafi aukist jafnt og þétt en ekki sé talið að endurbætur á vegi komi til með að auka umferð sérstaklega. Leyfilegur hámarkshraði verði sá sami eftir fyrirhugaðar endurbætur eða 50 km/klst. Að mati framkvæmdaraðila sé framkvæmdin líkleg til að hafa óveruleg áhrif á hljóðvist og loftgæði.

Bláskógabyggð, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin eigi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis kemur fram að fulltrúar ráðuneytisins ásamt fulltrúum ráðuneytis umhverfis- og auðlindamála hafi fundað með Vegagerðinni og þjóðgarðsverði varðandi framkvæmdina. Eftir fundinn hafi það verið niðurstaða ráðuneytisins að ekki væri talin þörf á að framkvæmdin undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Ráðuneytið telji þó mikilvægt að stöðugt og virkt eftirlit með framkvæmdum verði viðhaft að hálfu Vegagerðarinnar ásamt því að verktökum verði gerð grein fyrir nauðsyn þess að fylgja verklýsingu þeirri sem fram komi í matsskyldufyrirspurn og að verktökum beri að hlýða tilmælum eftirlitsaðila.

Í svari Vegagerðarinnar við umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis segir að Vegagerðin muni hafa stöðugt og virkt eftirlit með framkvæmdum og tryggja að allir sem að verkefninu komi fari eftir því verklagi sem Vegagerðin setji skilyrði um.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Leita þarf samþykkis Þingvallanefndar fyrir framkvæmdinni skv. 5. gr. laga nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Leita þarf samþykkis Skógræktarinnar vegna eyðingar skógar skv. 6. gr. skógræktarlaga nr. 3/1955.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á Þingvallavegi á kafla frá Þjónustumiðstöð Þingvalla að syðri vegamótum við Vallarveg. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér að neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

Fyrirhugaðar endurbætur á Þingvallavegi munu ná yfir 9 km langan vegkafla. Gert er ráð fyrir að breikka veginn um 1,5 m og að rask vegna framkvæmda verði 3,5 m út frá núverandi vegi. Skipulagsstofnun telur að um nokkuð langan vegkafla sé að ræða en þar sem einungis er fyrirhugað að breikka veginn um 1,5 metra telur stofnunin að ekki sé hægt að líta á fyrirhugaða framkvæmd sem umfangsmikla.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis sem bundið er ýmsum verndarákvæðum. Land þjóðgarðsins á Þingvöllum skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari, sbr. lög nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þjóðgarðurinn er á Heimsmínjaskrá UNESCO, Þingvellir og Þingvallavatn eru á Náttúruminjaskrá, vatnasvið Þingvallavatns er verndað með lögum nr. 85/2005 og svæðið nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Þá liggur vegurinn um eldhraun og fer í gegnum birkiskóg sem bæði njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði rask á vistgerðum, jarðminjum og menningarminjum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á vistgerðir verði nokkuð neikvæð en framkvæmdin mun fela í sér rask á birkiskógi sem nýtur sérstakrar verndar. Stofnunin telur að boðaðar mótvægisáðgerðir ættu þó að draga úr neikvæðum áhrifum og tekur stofnunin undir með Skógræktinni sem telur að líklega muni takast vel með að endurheimt gróðurs á svæðum sem vera fyrir raski. Þá liggur fyrir að samráð verði haft við skógarvörð á Suðurlandi og Þjóðgarðsvörð varðandi mótvægisáðgerðir.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á jarðmyndanir verði talsvert neikvæð. Framkvæmdin mun raska eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar og verða áhrifin óafturkræf. Þó ber að hafa í huga að raskið mun eiga sér stað á svæði sem er þegar raskað að hluta vegna fyrri vegaframkvæmda. Þá er einungis fyrirhugað að breikka veginn öðrum megin og verður að einhverju marki hægt að hlífa svæðum með verndar- og ásýndargildi við raski með því að breikka veginn á þeim vegkanti sem hefur minna verndargildi.



Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarminjar verði nokkuð neikvæð en líkur eru á að framkvæmdin raski a.m.k. fjórum fornleifum. Skipulagsstofnun telur að með því að fylgja tillögum Minjastofnunar um legu vegarins verði unnt að draga úr neikvæðum áhrifum á minjar eins og kostur er.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á vatnafar verði óveruleg. Til þess að draga úr hættu á mengunaróhöppum mun framkvæmdaraðili móta sérstakar verklagsreglur í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Að mati Skipulagsstofnunar mun framkvæmdin hafa tímabundin neikvæð áhrif á landslag og ásýnd vegna rasks á gróðri og hrauni. Með tilliti til fyrirhugaðrar endurheimtar á staðargróðri má gera ráð fyrir því að áhrifin muni dvína með tímanum og að framkvæmdir muni falla inn í landslagið. Til lengri tíma litið má því gera ráð fyrir því að áhrifin verði minniháttar.

Skipulagsstofnun vill taka fram að fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði sem er einstaklega mikilvægt og viðkvæmt. Því er nauðsynlegt að framkvæmdaraðili viðhafi boðað verklag og að samráð verði haft við hlutaðeigandi stofnanir við nánari útfærslu framkvæmdar og verklagsreglna.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar endurbætur á Þingvallavegi séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. mars 2018.

Reykjavík, 16. febrúar 2018

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinsson